

## Minnisblað um Rainbow Cities Network

Þátttaka Reykjavíkurborgar í tengslanetinu Rainbow Cities Network var samþykkt í borgarráði þann 3. maí 2018.

Rainbow Cities Network var sett á laggirnar árið 2011 og voru borgirnar Amsterdam, Barcelona, Turin og Cologne fyrstu meðlimir þess. Síðan þá hefur regnboganetið vaxið jafnt og þétt og margar borgir bæst við sem meðlimir. Í dag eru 27 borgir frá 15 löndum þáttakendur í verkefninu.

Réttindi og staða hinsegin fólks kemur sveitarstjórnnum við og þurfa þær að tryggja að nærumhverfi borgara sinna sé öruggt og laust við fordóma og mismunun. Tilgangur regnbogansins er að auka samvinnu og samtal á milli borga sem vinna að réttindum hinsegin fólks og gegn mismunun sem það verður oft fyrir.

Borgirnar sem eru meðlimir Rainbow Cities Network skiptast á hugmyndum að verkefnum, forvörnum og nýjungum og geta þar með aukið afkastagetu sína á þessu sviði og hugað betur að hópi hinsegin fólks. Sjá frekari upplýsingar [www.rainbowcities.com](http://www.rainbowcities.com)

### Skyldur þátttökuborga.

Með þátttöku í verkefninu gerir Rainbow Cities Network kröfu um eftirfarandi þætti:

- Stefna í málum hinsegin fólks sé virk í þátttökuborg.
- Tengiliður með þekkingu á málaflokk hinsegin fólks.
- Þátttaka á póstlista. En með því geta borgir leitað upplýsinga um álitamál, fengið svör við fyrirspurnum og einfaldlega óskað eftir aðstoð, samvinnu og stuðningi.
- Þátttöku á árlegum fundi regnbogansins þar sem hægt er að koma á sterkari samvinnu og tryggja góð samskipti á milli borga..

### Ávinningur með þátttöku.

Með þátttöku í Rainbow Cities Network er hægt að gera betur í þeim verkefnum sem þegar eru unnin sem og að ráðast í ný verkefni að fyrirmynd annarra borga.

Þar sem Reykjavíkurborg er eina sveitarfélagið á Íslandi með jafn skýra og framsækna stefnu er varðar hinsegin fólk (Mannréttindastefnan) er ljóst að Rainbow Cities Network gæti nýst vel til þess að styðja við það góða starf sem þegar er unnið hjá borginni. Mikilvægt er að leita út fyrir landssteinanna og horfa til þeirra sem eru lengra komnir eða með ólíka nálgun á málefni hinsegin fólks og læra af þeim.